

Ed. **381. Frumvarp til laga** [170. mál]
um flutningssamninga og ábyrgð við vöruflutninga á landi.

(Eftir 2. umr. í Ed., 24. febr.)

Samhljóða þskj. 274 með þessari breytingu:

24. gr. hljóðar svo:

Nú hefur vara, sem um getur í 23. gr., verið afhent til flutnings án þess að flytjanda væri kunnugt um þessa eiginleika hennar, og er honum þá heimilt að skilja vöruna eftir, þar sem hann er staddur, og gera hana óskaðlega eða eyðileggja hana með þeim hætti að ekki valdi öðrum tjóni, enda er hann þá ekki skaðabótaskyldur. Þess skal ávallt gætt í slíkum tilvikum, að sendandi verði fyrir sem minnstum skaða.